

Mál nr.11/2016

Ár 2014, mánudaginn 17. október var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 11/2016

Y

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (Y) sem barst siðanefnd 26. apríl 2016 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (X) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina A, við rakkann B án þess at tíkin væri með gildar niðurstöður úr mjaðmamyndum. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 13. maí. X hafði þá þegar gert sér grein fyrir mistökum sínum og sent umsagnarbréf dags 10. febrúar.

Bréfið var sent Y til umsagnar sem svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Siðanefnd taldi þá að öll gögn er máli skiptu væru fram komin og ákvað að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 19. janúar 2016 var tíkin A, pöruð við rakkann B hinn 20. september 2015. Hundarnir eru af kyninu Íslenskur fjárhundur og er tíkin í eigu kærðu. Við pörunina var tíkin ekki með gildar niðurstöður úr mjaðmamyndum. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Í innsendu bréfi kærðu kemur fram að mistök og misskilningur hafi átt sér stað sem varð til þess að mjaðmamyndir skiluðu sér ekki eins og reglur félagsins gera ráð fyrir. Myndataka hefur nú verið framkvæmd og niðurstaða kunn þar sem fram kemur að mjaðmir eru í lagi.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr, segir um hundakynið Íslenskur fjárhundur:

„Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. (Gildir frá 01.07.1999).”

Greinist hundur með mjaðma- og/eða olnbogalos D og E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. (Gildir frá 01.09.2010).”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem þörun fór fram hinn 20. september 2015 var tíkin ekki með gildar niðurstöður úr mjaðmamyndum. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við þörun hunda af kyninu Íslenskur fjárhundur skal myndataka hafa farið fram og niðurstöður kunnar fyrir þörun. Mjaðmamyndir eru vottorð sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða hefur gert sér fyllilega grein fyrir mistökun sínum og beðist afsökunar. Hún hefur nú látið mjaðmamýnda tíkina þar sem fram kemur að hún er með mjaðmir í lagi. Siðanefnd telur það þó ekki breyta brotinu að tíkin hafi staðist skoðun eftirá, það gat kærða ekki séð fyrir.

Við mat á viðurlögum skal þó litið til þess að kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins og þykir hæfileg refsing vera áminning.

IV. Niðurstaða.

Kærða X telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt

f.h. siðanefndar

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir